

Leiðbeiningar um útfyllingu og rafræn gagnaskil Launamiðar, hlutafjármiðar og launaframtal 2017

Í þessari orðsendingu er að finna leiðbeiningar um útfyllingu launamiða, hlutafjármiða og launaframtals á árinu 2017.

Form launamiða RSK 2.01 og hlutafjármiða RSK 2.045 vegna greiðslna á árinu 2016 er nánast óbreytt frá fyrra ári.

Rafræn gagnaskil

Afar æskilegt er að launamiðum og hlutafjármiðum sé skilað á **tölvutæku formi**.

Sérstaklega er bent á Gagnaskilakerfið á skattur.is, rafræna skilaleið fyrir launamiða og hlutafjármiða.

Um er að ræða annars vegar XML skeytaskil beint úr launakerfum og hins vegar skráarinnlestur eða skráningu einstakra launamiða. Skilin eru gerð í gegnum þjónustusiðu viðkomandi aðila. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum.

Gögnum sem skilað er á segulmiðlum skal skilað á næstu starfsstöð ríkisskattstjóra.

Færslulýsingu vegna tölvutækra skila á bæði launa- og hlutafjármiðum má nálgast á vefsetri RSK, en sömu reglur gilda um tölvutæk skil á þessum miðum. Auk þess veitir tæknisvið RSK nánari upplýsingar um færslulýsinguna og þá segulmiðla sem RSK getur tekið við, sem og upplýsingar um aðrar skilaleiðir rafrænna skila.

Þeir sem skila launamiðum og/eða hlutafjármiðum á tölvutæku formi til ríkisskattstjóra eiga **ekki** að skila sömu miðum aftur á pappír.

Leiðréttingar

Hægt er að leiðrétta skil rafrænna launamiða á þjónustusiðu á **skattur.is**.

Hafi launamiði sem skilað var á pappír eða segulmiðli verið rangur skal strax senda ríkisskattstjóra **nýjan launamiða** á pappír með beiðni um að áður sendur launamiði verði gerður ógildur. Jafnframt skal senda samrit af réttum launamiða til launþega.

Áritun launa og hlutafjár

Skattfyrviöld munu árita sem mest af upp-

lýsingum um laun, hlutafé og arð á skattframtöl einstaklinga í febrúar 2017. Miklu skiptir því að þessar upplýsingar séu bæði **áreiðanlegar** og **endanlegar** svo að framteljendur verði ekki fyrir óþægindum við útfyllingu framtala.

Mælst er til þess að launagreiðendur sendi launamiða til launamanna sinna áður en skil til skattyfirvalda eiga sér stað. Með því móti gefst launamönnum kostur á að koma strax á framfæri athugasemdum og leiðréttingum við launagreiðendur vegna launauppgjörnsins, þ.e. áður en launaupplýsingum er skilað til skattyfirvalda og þær áritaðar á framtöl.

Minnt skal á að uppfærsla launaforrita er nauðsynleg vegna krafna um aukinn áreiðanleika og öryggi þeirra upplýsinga, sem forskráning grundvallast á.

Þá þurfa launa- og hlutafjárupplýsingar á tölvutæku formi að berast innan tilgreinds tímafrests, enda munu skattfyrviöld að öðrum kosti ekki geta áritað viðkomandi upplýsingar.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Hlutafjármiði vegna tekjuársins 2016	
Upplýsingar um hluthafa/eiganda			
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn	
Nafn og heimilisfang		Nafn hlutafélags og kennitala	
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík	
Hlutabréf	76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjäreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu (heild)
0		250.000	25.000
75 Par af arður talinn sem laun skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003	79 Staðgreiðsla af arði	36 Dags. arðgreiðslu	
0	5.000	15.4.16	
80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjäreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði
			36 Dags. arðgreiðslu
RSK 2.045			
Frumrit: Til ríkisskattstjóra			

**Skilafrestur
 launa- og
 hlutafjármiða
 á rafrænu
 formi er til
 20. jan. 2017.**

76 Útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu

Hér skal færa útgefin jöfnunarhlutabréf á árinu.

77 Hlutafjäreign í árslok

Hér skal tilgreina nafnverð hlutabréfa í eigu hluthafa í árslok.

78 Greiddur arður á árinu (heild)

Hér skal tilgreina heildarjánhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

75 Par af arður talinn sem laun

Frá 1. janúar 2014 skal **ekki** lengur telja hluta arðs sem laun.

79 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

36 Dagsetning arðgreiðslu

Hér skal færa dagsetningu þegar arður er greiddur út og staðgreiðslu haldið eftir.

80 Endurmat stofnfjár á árinu

Hér skal færa endurmat stofnfjár í sparisjóðum sbr. 67. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

81 Stofnfjäreign í árslok

Hér skal færa stofnfjäreign í árslok eftir endurmat.

84 Greiddur arður á árinu

Hér skal tilgreina fjárhæð arðs á árinu. Ekki skal draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts frá arði.

86 Staðgreiðsla af arði

Hér skal færa staðgreiðslu sem dregin var af greiddum arði á árinu.

Launamiði 2017

02 Vinnulaun

Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Til vinnulauna teljast ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launabætur, staðaruppþætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Enn fremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar og þess háttar greiðslur, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundradshluti launa eða á annan hátt, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Einnig skal hér færa fæðispeninga sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn. Stjórnarlaun skal færa í launamiðareit 220. (Metin fæðis-hlunnindi skal færa í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti. Styrki til líkamsræktar, sem áður fóru í reit 82 með viðeigandi texta, eða í reit 61 eftir atvikum, skal nú færa í launamiðareit 405).

05 Par af laun vegna sjómennsku á fiskiskipum

Hér skal tilgreina laun vegna sjómennsku á fiskiskipum, sem innifalin eru í launum í reit 02.

63 Iðgjöld

Í þennan reit skal færa iðgjald launamanns sem varið var til aukningar lífeyrisréttinda, en frádráttur vegna þess getur að hámarki numið 4% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

17 Dagpeningar

Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeninga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda.

Ferðapeninga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðarreikningum frá þriðja aðila skal ekki færa hér.

06 Heildargreiðslur til verktaka, með virðisaukaskatti

Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem samkvæmt samningi, skriflegum eða munnlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á vinnu þeirra. Gæta skal þess að færa í þennan reit ekki aðeins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjaldafjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færast til skuldar á framtali greiðanda).

64 Númer sérsjóðs

Í þennan reit skal færa númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í.

Listi yfir númer lífeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is/listi.

19 Sjúkradagpeningar

Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

LAUNAMIÐI 2017 LAUNAGREIÐSLUR 2016		Sjá leiðbeiningar á bakhlíð			
01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	16 Okutækjastýkur	73 Par af undanþ. staðgr.	19 Sjúkradagpeningar
Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð - 4% iðgjald í samþykktan lífeyrissjóð. (Sjá bakhlíð)		03	17 Dagpeningar	74 Par af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði
08 Númer lífeyrissjóðs	28 Húsnæðishlunnindi	06 Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir efni og vinnu	27 Fatahlunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
Pessi reitur fyllist út af ríkisskattstjóra			Greidd lífeyrisiðgjöld í sérsjóð (hámark 4% iðgjald)	63 Iðgjöld	64 Númer sérsjóðs
07 Nafn-heimil-póststöð launþega			30 Launagreiðandi-kennitala-heimili		
Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06			Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður, hvaða?	26	297.000
70 Launafjárhæð	71 Afdregin staðgreiðsla		34 Fóðrun búfjár		50.000
			82 Gjafir		190.000

RSK 2.01 18-11-2015

Eindregið er mælt með því að launamiðum sé skilað rafrænt á þjónustusiðu ríkisskattstjóra www.skattur.is

03, 08 Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð

Í 03 skal tilgreina lífeyrissjóðsiðgjald launþegans sjálfs en í 08 númer sjóðsins samkvæmt skrá yfir lífeyrissjóði. Listi yfir númer lífeyrissjóða er birtur á upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is/listi.

74 Par af undanþegið staðgreiðslu (dagpeningar)

Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

60 Bifreiðahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekna skv. auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

21 Greiðslur úr lífeyrissjóði

Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal hins vegar færa í reit 02.

27 Fatahlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fatahlunninda (fatnaður sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

28 Húsnæðishlunnindi

Hér skal færa húsnæðishlunnindi (allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2015, að meðtalinni hlutdeild í fasteignamati lóðar, sem látið er launþega í té endurgjaldslost eða með óeðlilega lágu endurgjaldi, að teknu tilliti til þess fjölda mánaða sem afnotin ná yfir. Sjá upplýsingar um skattmat 2016 á www.rsk.is).

33 Fæðishlunnindi

Hér skal færa fjárhæð metinna fæðishlunninda samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.

Ýmsar greiðslur og hlunnindi í krónum talið

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LS-færslu) skal tilgreina með viðeigandi tölu (kóða) og fjárhæð:

04) Hlutabréf á undirverði (mismunur á gangverði og afhendingarverði).

09) Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa.

26) Skattfrjáls verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.

32) Skattskyld verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.

56) Endurgjald til höfunda eða rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða greiðslu fyrir afnot eða kaup. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu.

57) Verkfallsstyrkur.

58) Björgunarlaun.

59) Skaðabætur og sambærilegt bótafé greitt af launagreiðanda (t.d. vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamissis).

61) Styrkir og styrktarfé (úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagasamtaka, stéttarféлага eða annarra aðila sem ekki falla undir kóða 09 eða 405).

62) Félagsleg aðstoð (frá sveitarfélögum).

65) Leigutekjur.

67) Húsaleigubætur.

69) Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga.

72) Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum (sem ekki falla undir kóða 09, 59, 61 og 62).

89) Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga.

220) Stjórnarlaun.

405) Styrkir til líkamsræktar og heilsueflingar (þróttastyrkir).

410) Samgöngustyrkir.

Á launamiða (jafnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LA-færslu) skal alltaf tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölu (kóða), **ásamt frjálsum texta, sem skýrir eðli greiðslunnar**, og fjárhæð:

11) Endurgreiddur útlagður kostnaður.

34) Önnur hlunnindi.

82) Aðrar skattskyldar greiðslur.

93) Aðrar skattfrjálsar greiðslur.

Skattmat vegna ýmissa greiðslna og hlunninda má m.a. nálgast á vefsetri RSK.

16 Ökutækjastyrkur

Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit, hvort sem þær miðast við fast-ákveðna fjárhæð á ári, ekna kílómetra, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar eða greiðsla er ákvörðuð á annan hátt.

73 Par af undanþegið staðgreiðslu (ökutækjastyrkur)

Hér skal færa þá fjárhæð ökutækjastyrks sem fellur ekki undir staðgreiðslu skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

70 og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu

Hér skal færa samtölur úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt skilgreinum RSK 5.06, **þ.e. greiðslur sem staðgreiðsla hefur verið greidd af**.

Launaframtal 2017

Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á 8. síðu skattframtals rekstraraðila **RSK 1.04**.

Einstaklingar með rekstur, sem greiða öðrum laun eða inna af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds, gera grein fyrir tryggingagjaldsstofni á samræmingarblaði **RSK 4.05** í rafrænum framtalsskilum sínum.

Lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003, **skulu skila launaframtali með rafrænum hætti á skattframtali RSK 1.06**, hafi þeir greitt laun eða innt af hendi greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds á árinu 2016.

Allir þeir sem inna af hendi launagreiðslur og verktaka-greiðslur eiga að skila launamíðum vegna þeirra í janúar árið eftir.

Stofn til tryggingagjalds

Gjaldstofn tryggingagjalds er allar tegundir launa og þóknana, hverju nafni sem nefnast, óháð formi launagreiðslu. Hér er t.d. um að ræða laun í reit 02 á launamíða, bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi, alla ökutækjastyrki, allt mótframlag í lífeyrissjóð og staðgreiðsluskylda dagpeninga.

Greiðslur lífeyris og eftirlauna úr samþykktum lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun ríkisins mynda **ekki** stofn til tryggingagjalds.

Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu skal sundurliða niður á mánuði.

Laun vegna fiskveiða

Hér skal færa laun sem greidd eru sjómönnum vegna fiskveiða. Þau mynda stofn til tryggingagjalds auk þess sem greiða ber 0,65% iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hafi útgerðarmaður sagt upp þeirri tryggingu sér ríkisskattstjóri til þess að iðgjaldið bætist ekki við.

Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Í þessa reiti færast laun undanþegin staðgreiðslu og reiknað endurgjald barna. Reiknað endurgjald manns og maka hans við eigin atvinnurekstur kemur hins vegar ekki fram á launaframtali. Hér skal ennfremur tilgreina tegund og fjárhæð hlunninda utan staðgreiðslu opinberra gjalda sem metin eru til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra og mynda stofn til tryggingagjalds.

Tryggingagjald vegna erlendra starfsmanna sem framvísað hafa A1 vottorði

Tilgreina skal sérstaklega launagreiðslur til erlendra starfsmanna sem ekki eru tryggðir hér á landi samkvæmt ákvæðum reglugerðar EBE nr. 1408/71/EBE, um beiingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum sem flytjast á milli aðildarríkja. Launagreiðandi skal hafa í vörslu sinni A1 vottorð vegna hlutaðeigandi starfsmanna.

Þessar greiðslur skal sundurliða niður á mánuði, en þær eru **ekki** innifaldar í stofni til almenns tryggingagjalds.

Launaframtali er skilað sem hluta af hefðbundnu skattframtali í rafrænum framtalsskilum. Launaframtalið er hluti af skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 og skattframtali óskattskyldra lögaðila RSK 1.06. Í rafrænum framtalsskilum einstaklinga í atvinnurekstri er launaframtalið hluti af samræmingarblaði RSK 4.05.

RSK 1.04 – 2017

Kennitala

Launaframtal 2017 - Launagreiðslur 2016

Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu		Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	
Laun	+ 9600	Laun undanþegin staðgreiðslu	+ 9630
Ökutækjastyrki	+ 9603	Reiknuð hlunnindi	+ 9636
Önnur laun	+ 9606	Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	= 9650
Reiknað endurgjald	+ 9609		
Mótframlag í lífeyrissjóð	+ 9612		
Reiknuð hlunnindi	+ 9615	Stofn til fjársýsluskatts utan staðgreiðslu	= 0586
Staðgreiðsluskyldir dagpeningar	+ 9618		
Leiðrétting á stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu *	- 9621		
Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með A1 vottorð	- 9623		
Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu	= 9625		

Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu	Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskipum (einnig innifaldar í stofni til tryggingagjalds)	Sundurliðun eftir mánuðum - Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með A1 vottorð	Stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu
Jan. + 9661	Jan. + 9681	Jan. + 9701	Jan. + 9721
Febr. + 9662	Febr. + 9682	Febr. + 9702	Febr. + 9722
Mars + 9663	Mars + 9683	Mars + 9703	Mars + 9723
Apríl + 9664	Apríl + 9684	Apríl + 9704	Apríl + 9724
Mai + 9665	Mai + 9685	Mai + 9705	Mai + 9725
Júní + 9666	Júní + 9686	Júní + 9706	Júní + 9726
Júlí + 9667	Júlí + 9687	Júlí + 9707	Júlí + 9727
Ágúst + 9668	Ágúst + 9688	Ágúst + 9708	Ágúst + 9728
Sept. + 9669	Sept. + 9689	Sept. + 9709	Sept. + 9729
Okt. + 9670	Okt. + 9690	Okt. + 9710	Okt. + 9730
Nóv. + 9671	Nóv. + 9691	Nóv. + 9711	Nóv. + 9731
Des. + 9672	Des. + 9692	Des. + 9712	Des. + 9732
Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu = 9675	Alls = 9695	Alls = 9715	Alls = 9735

Bls. 8 af 8

Fjársýsluskattur

Þeir framteljendur sem skattskyldir eru til fjársýsluskatts skv. lögum nr. 165/2011 (váttryggingafélög og aðilar í fjármálastarfsemi og verðbréfaþjónustu) skulu gera grein fyrir stofni til fjársýsluskatts og sundurliðun hans eftir mánuðum.

